

Mál nr. 7/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 31. ágúst var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 7/2010

X  
gegn  
Y

Og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 1. mars 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hefði gerst brotleg við grundvallarreglur félagsins með því að hafa parað tíkina XX við hundinn YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 5. mars 2010 og henni gefinn frestur til að andmæla til 6. apríl. Bréfinu var ekki svarað en afrit af tölvupósti frá kærðu, sem sendur hafði verið skrifstofu HRFÍ hinn 8. febrúar varðandi sama mál, barst siðanefnd 8. mars. Afrit var sent kæranda til umsagnar hinn 3. maí og gefinn frestur til andsvara til 17. maí. Svar barst frá kæranda hinn 11. maí. Þegar siðanefnd taldi allar upplýsingar fram komnar og öll sjónarmið komin fram voru aðilar boðaðir til sáttafundar þann 14. júní. Báðir málsaðilar mættu og kynntu sín sjónarmið fyrir nefndinni. Sættir tókust ekki og var málið tekið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Tíkin XX í eigu kærðu, af tegundinni Americal cocker spaniel var pörðu við hundinn YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsins. Kærða andmælti kærinni með tölvupósti sem sendur var skrifstofu HRFÍ þann 23. febrúar. Hún bar því við að pörunarvottorð hefði haft ranga dagsetningu. Hið rétta væri að pörunin hefði átt sér stað helgina sem afmælisýning HRFÍ hefði farið fram eða daginn eftir sýninguna, sem sagt sunnudaginn 23. ágúst eða mánudaginn 24. ágúst. Á þessari sömu sýningu hefði verið boðið upp á augnskoðun og hefði tíkin verið augnskoðuð á sýningunni. Taldi kærða því engan grundvöll fyrir framkominni kærú á hendur sér og óskaði eftir því að málið yrði fellt niður. Kærandi félst ekki á það og áréttaði á sáttafundi með aðilum að pörunarvottorðið gildi.

#### III. Forsendur

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni í HRFÍ sem notar hund sinn til ræktunar að vera trúr ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn. Í reglugerð um skráningu í ættbók, reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið American cocker spaniel:

„Augnvottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. Greinist hundurinn með arfgengt cataract mun hann verða skráður í ræktunarbann”

Félagsmaður sjálfur sendi inn pörunarvottorð til félagsins. Þar segir að það skuli undirritað að viðlögðum drengskap og teljist staðfesting á að tiltekin pörun hafi átt sér stað á tilgreindum tíma. Hefur það því löglíkur með sér að vera rétt. Eru gerðar ríkar sönnunarkröfur til að undirbyggja að vottorðið sé rangt og tilgreind tímasetning röng. Að mati siðanefndar hefur

ekki verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að mistök hafi átt sér stað í dagsetningu pörunarvottorðsins. Með undirskrift sinni bar kærða ábyrgð á því að dagsetning pörunar væri rétt.

Samkvæmt reglum Spanieldeildar er ljóst að við pörun hunda af hundakyninu American cocker spaniel skal liggja fyrir gilt augnvottorð og er það mat siðanefndar að kærða hafi gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum félagsins.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög við brotinu. Það að tíkin stóðst síðari augnskoðun breytir ekki brotinu enda gat kærða ekki séð fyrir þá niðurstöðu. Þá skal á það bent að reglan hljóðar á um að vottorð liggja fyrir við pörun þannig tryggt sé að hundurinn sé ekki með arfgengan augnsjúkdóm. Reglunni er ætlað að hafa fyrirbyggjandi áhrif og brotið hefði getað haft alvarlegar afleiðingar í för með sér hefði tíkin ekki staðist augnskoðun.

#### IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við grundvallarreglur HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Herdís Hallmarsdóttir

---

Hilmar Sigurgíslason

---

Kristín Sveinbjarnardóttir